




Breyting á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 vegna iðnaðarsvæðis í landi Akursels, Öxarfirði



SKÝRINGAR

- Fjarskipti
- Námur
- Athafnasvæði
- Fristundabyggð
- Iðnaðarsvæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Sorpforgunarsvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði/þjónustustofnanir
- Íbúðarsvæði
- Þjónustustofnanir
- Þjóðminjaværndarsvæði
- Undirgöng
- Formleifar
- Héttbýli
- Flugvöllur

- Opin svæði til sérstakra nota
- Landbúnaðarsvæði
- Óbyggð svæði
- Hverfisverndarsvæði
- Brunnsvæði
- Grannsvæði
- Fjarsvæði
- Friðlyst svæði
- Svæði á náttúrumuinjaskrá
- Ár, vötн, sjör
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir (til skýringar)
- Raflínur stofnkerfi
- Aðrar raflínur (til skýringar)
- Jarðstengur (til skýringar)
- Hitaveita stofnæð
- Ljósleiðari
- Göngu- og reiðleið
- Gönguleið
- Reiðleið

GREINARGERÐ

Samherji fiskeldi ehf. hefur keypt land Akursels þar sem garðyrkju á landinu hafði verið hætt. Unnið er að gerð deiliskipulags fyrir norðurhluta Akursels. Austan Akursels, handan Brunnár, eru Núpar, fiskeldisstöð rekin af Samherja fiskeldi ehf. (merkt I3 í aðalskipulagi). Unnið er að stækkan stöðvarinnar og lögð er áhersla á að endurnýta vatn í eldinu sem mest og draga úr frumdælingu vatns. Það gefur aukna möguleika á söfnun næringarefna í frárennslí sem gerir starfsemina umhverfisvænni. Frárennslí frá nýjum kerjum verður hreinsað í nýrri frárennslishreinsistöð, vatn verður pressað frá fastefninu svo úr verður fiskimykja (Deiliskipulag Iðnaðarsvæði I3 í Norðurþingi, 2021). Til stendur að dæla fiskimykjunni í tanka þar sem henni verður síðar dreyft á land til upprgræðslu.

Breyting þessi snýr að nýjum fiskimykjutöökum sem eru fyrirhugaðir í landi Akursels. Ætlunin er að dæla fiskimykju í tankanna sem síðar verður nýtt til upprgræðslu lands. Flokka skal fiskimykjutanka sem iðnaðarstarfsemi (sbr. 6.2. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013) og því er gerð breyting á aðalskipulagi samhliða vinnslu deiliskipulagsins.

Í tillögu að deiliskipulagi norðurhluta Akursels er gert ráð fyrir:

- Aukinni sjótoku með endurnýjuðu sjótókuhúsi
- Borholum til að hita sjóinn í fiskeldinu
- Fiskimykjutöökum til að taka við úrgangi frá fiskeldinu
- Endurnýjun göngubrúar

UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Í tillögu að deiliskipulagi er gerð grein fyrir áhrifum allra þátta skipulagsins á umhverfið. Hér hafa verið dregin saman möguleg áhrif af fiskimykjutöökum:

Gert er ráð fyrir allt að fjórum fiskimykjutöökum á svæðinu, um 30 m í þvermál hver og 4 m á hæð. Ákvæði er um litaval á byggingunum svo þeir hafi sem minnst áhrif á ásýnd svæðisins. Áhrif þeirra er almennt talin óveruleg auk þess sem um afturkræfar byggingar er að ræða.

Með tilkomu tankanna verður markvisst farið í söfnun á fastefni frá fiskeldinu til nýtingar við áburðagjöf. Fyrirhugað er að nýta áburðinn til upprgræðslu á sandinum. Áhrif þeirra á vistkerfi eru því talin jákvæð þó um sé að ræða áhrif sem verða utan skipulagssvæðisins. Lykt af völdum mykjunnar er talin vera minniháttar þar sem langt er í næstu byggð.

Í samantekt umhverfismatsskýrslunnar segir:

Skipulagið felur í sér framkvæmdir sem gerir fiskeldisstöðinni á Núpum kleift að stækka og þróast í takt við kröfur nútímans, sbr. kröfur um fráveitu- og fastefnameðhöndlun. Áhrif skipulagsins á efnahag og atvinnulíf eru því jákvæð og áhrif á aðra umhverfisþætti talin óveruleg. Öxarfjörður er á B-hluta náttúrumuinjaskrár vegna mikils fuglalifs. Vegna smæðar fyrirhugaðra framkvæmda á viðáttumíklum söndum er ekki talið að áhrif skipulagsins hafi áhrif á fuglalíf.

Óljóst er hvort borholur muni hafa áhrif á gasaugu sem eru að finna á sandinum en fjöldi borhola er á svæðinu nú þegar.

Umhverfismatsskýrslu er að finna í held sinni í *deiliskipulagi Akursels, norðurhluti* sem auglýst er samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari.

BREYTING Á GREINARGERÐ:

Ný lína í kafla 23.9 Iðnaðarsvæði

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
I4	2,5	Akursel, Öxarfirði	Svæði fyrir fiskimykjutanka og fastefni frá landeldissstöð við Núpsmýri. Geymsla til síðari nota sem áburður.

BREYTING Á SVEITARFÉLAGSUPPDRÆTTI:

Nýr landnotkunarreitetur fyrir iðnaðarsvæði, merktur I4, er færður inn á uppdrátt á norðausturhluta Austursands í Öxarfirði.

AFGREIDSLA OG GILDISTAKA

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 23/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann 2023.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnum þann 2023